

Innanríkisráðuneytið
b.t. Írisar Bjargar Kristjánsdóttur, sérfræðings
Sölvhólgötu 7,
101 Reykjavík



Reykjavík, 7. september 2015

Efni: Athugasemdir SI við drög að frumvarpi til útlendingalaga

Þann 24. ágúst 2015 var nýtt frumvarp til laga um útlendinga birt á vef innanríkisráðuneytisins og hagsmunaaðilum gefið kostur á að veita umsögn um frumvarpið. Samtök iðnaðarins hafa um nokkra hríð talað fyrir breytingum á bæði útlendinga- og atvinnuréttindalöggjöf út frá sjónarhóli fyrirtækja sem hafa mikla hagsmuni af því að laða að erlendra sérfræðinga á íslenskri grundu til að byggja upp alþjóðlega þekkingu.

Samtökin fagna því fyrirbyggjandi frumvarpsdrögum til breytinga á lögum um útlendinga nr. 96/2002 en telja þó mikilvægt að koma á framfæri nokkrum athugasemdum við efnistöð þeirra. Jafnframt telja samtökin brýnt að samhliða breytingum á lögum um útlendinga verði að breyta lögum um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002 enda ljóst að þessir tveir lagabálkar eru nátengdir. Kalla því samtökin eftir því að endurskoðun laga um atvinnuréttindi útlendinga verði flýtt og því gefist tækifæri til að rýna breytingar á báðum lögum samhliða. Til hagræðis og einföldunar telja samtökin eðlilegt að sama stofnunin hafi með höndum afgreiðslu bæði dvalarleyfis og atvinnuréttinda útlendinga sem nú er á borði tveggja stofnana, Útlendingastofnunar og Vinnumálastofnunar. Þannig væri hægt að komast nær hugmyndafræði „One-Stop Shop.“

Athugasemdir Samtaka iðnaðarins við einstaka ákvæði frumvarpsdraganna eru eftirfarandi:

51. gr.: Umsókn um dvalarleyfi

Í 51. gr. frumvarpsdraganna er að finna þá skyldu í 2. mgr. að í umsókn um dvalarleyfi skuli finna öll þau gögn og vottorð sem Útlendingastofnun gerir kröfu um svo stofnunin geti staðfest að umsækjandi uppfylli lagaskilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis. Er ráðherra svo veitt reglugerðarheimild í 3. mgr. ákvæðisins til að ákveða með reglugerð hvaða gögn og vottorð umsækjandi skuli leggja fram, hvaða kröfur skuli gerðar til þeirra gagna og hver skuli leggja mat á gildi skjalanna.

Hér telja samtökin skipta miklu máli hvernig reglugerðin verði útfærð og þá sérstaklega m.t.t. málshraða. Er þá tvennt sem stendur upp úr, öflun sakavottorða, og eftir atvikum annarra vottorða tengt fjölskyldumeðlimum, og upplýsinga um lögheimili. Telja samtökin að veita eigi rýmri heimildir fyrir fyrirtæki að ábyrgjast sitt starfsfólk m.t.t. sakavottorðs og eftir atvikum bera ábyrgð á kostnaði af því ef

yfirlýsing starfsmanns um rangt inntak sakarvottorðs kæmi síðar í ljós. Ætti í slíkum tilvikum að vera nóg að umsækjandi lýsi því yfir skriflega að hann hafi hreint sakarvottorð.

Telja samtökin jafnframt mikilvægt að veita sveigjanleika þegar kemur að afhendingu upplýsinga um lögheimili eða dvalarstað umsækjanda. Er það einfaldlega svo að það getur reynst fyrirtækjum íþyngjandi að staðfesta áður en umsókn um dvalarleyfi er samþykkt og starfsmaður kemur til landsins, upplýsingar um það hvar dvalarstaður viðkomandi er. Þurfa stjórnendur fyrirtækja þá oft á tíðum að þjóða fram sitt eigið heimili sem lögheimilisstað starfsmannsins. Er slíkt óviðunandi enda með engu ljóst hvaða tilgangi það eigi að þjóna. Telja samtökin nærtækara að upplýsingar um tryggt húsnæði eigi ekki að vera hluti af þeim gögnum sem teljast til fullbúinnar umsóknar heldur þurfi að skila Útlendingastofnun á síðara tímamarki, mögulega við útgáfu dvalarleyfis eða við komu starfsmannsins til landsins.

52. gr.: Forgangs og hraðafgreiðsla umsókna um dvalarleyfi

Í ákvæðinu er að finna heimild fyrir Útlendingastofnun til að flýta meðferð á umsóknum um dvalarleyfi þegar óviðráðanlegar ytri aðstæður krefjast eða vegna annarra sérstakra aðstæðna. Er um opna heimild til að veita slíka forgangs og hraðafgreiðslu að ræða sem samtökin fagna. Það skortir þó mjög á skýrleika í greinina um það hverjir geta sótt um slíka afgreiðslu og að hvaða skilyrðum uppfylltum.

Ráðherra er þó veitt opin heimild til að setja nánari reglur um beitingu heimildarinnar, þar á meðal um þau skilyrði sem atvinnurekendur þurfa að uppfylla til að hljóta viðurkenningu. Samtökin kalla eftir því að við gerð þeirrar reglugerðar sé tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið varðandi sakarvottorð og lögheimili, þ.e. að tryggt heimili og sakarvottorð verði undanþegið kröfunni um „fullbúna umsókn.“ Jafnframt telja samtökin varhugavert að miða við of huglæga mælikvarða við beitingu heimildarinnar eins og lagt er til í greinargerð með frumvarpinu.

Ráðherra er jafnframt veitt heimild til að kveða á um þjónustugjöld fyrir hraðafgreiðslu og skulu þær tekjur renna óskiptar til Útlendingastofnunar. Samtökin áréttu hér að sjónarmið um þjónustugjöld koma til skoðunar og gjaldheimtan fyrir slíka hraðafgreiðslu beri að endurspegla raunkostnað af þjónustunni.

54. gr.: Grunnskilyrði dvalarleyfis

Í ákvæðinu eru tiltekin grunnskilyrði þess að útlendingur geti fengið dvalarleyfi. Í a-lið 1. mgr. ákvæðisins kemur fram að húsnæði þurfi að vera tryggt. Vísast til fyrri umfjöllunar varðandi þetta skilyrði og hvenær sýna þurfi fram á að þessu skilyrði sé fullnægt.

60. gr.: Dvalarleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðipækkingar

Samtök iðnaðarins, Íslandsstofa, Reykjavíkurborg, Viðskiptaráð og Samtök atvinnulífsins létu gera könnun meðal fyrirtækja og stofnana um erlenda sérfræðinga í lok árs 2014. Samkvæmt henni eru um 82% erlendra sérfræðinga ráðnir til 3-5 ára. Í 2. mgr. 60. gr. frumvarpsdraganna er hins vegar einungis gert ráð fyrir að dvalarleyfi sé veitt til eins árs en heimilt sé að endurnýja dvalarleyfið í allt að tvö ár í senn. Ganga frumvarpsdrögin ekki nægilega langt til að koma til móts

við þarfir fyrirtækjanna að þessu leyti. Samtökin leggja því til að heimilt sé að veita dvalarleyfi til allt að 36 mánaða og við endurnýjun sé heimilt að veita dvalarleyfi til allt að 36 mánaða, í senn. Er augljóst hagræði fólgið í slíkri breytingu, bæði hjá fyrirtækjunum og Útlendingastofnun. Þess ber þó að geta að hér er þó lögð til bein tenging á milli dvalarleyfis og atvinnuleyfis og því geti starfsmaður einungis verið með dvalarleyfi hérlendis að því gefnu að fyrir hendi sé gilt atvinnuleyfi.

63. gr.: Dvalarleyfi á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamninga

Vísast til fyrri umfjöllunar um 60. gr. frumvarpsdraganna og telja samtökin að hér skipti einnig máli að rýmka heimildir um gildistíma dvalarleyfi, þ.e. úr 12 mánuðum í 36 mánuði, en að sjálfsögðu með beinni tengingu við gildistíma atvinnuréttinda.

69. gr.: Dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar eða sambúðar

Í 69. gr. frumvarpsdraganna er að finna heimild Útlendingastofnunar til að veita útlending dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar eða sambúðar. Er það svo að beiting þessa ákvæðis getur skipt miklu máli þegar til stendur að flytja inn erlenda sérfræðinga til landsins ásamt fjölskyldum þeirra.

Samtökin telja þá kröfu að sambúð skuli hafa varað í a.m.k. tvö ár sé alltof íþyngjandi. Of íþyngjandi kröfur að þessu leyti geta grafið undan því markmiði stjórnvalda að skapa hagstæðari aðstæður fyrir fyrirtæki til að sækja erlenda sérfræðinga hingað til lands og auka þannig vaxtamöguleika fyrirtækja og að sama skapi auka þekkingu og hæfni íslensks vinnuafis. Tillaga samtakanna er að ekki sé gerð krafa um tiltekna lengd sambúðar. Ef ekki er fallist á það telja samtökin að krafan um lengd sambúðar eigi að vera að hámarki 6 mánuðir. Staðan í dag er sú að ekki hefur verið gerð krafa um lengd sambúðar heldur umsækjendur beðnir um að sýna fram á trúverðugleika sambandsins.

Jafnframt gera samtökin verulega athugasemd við þá kröfu frumvarpsdraganna að sambúðin skuli vera skráð í Þjóðskrá. Er þetta að mati Samtakanna mjög íþyngjandi krafa og jafnvel vandséð hvernig hún eigi að koma til framkvæmda, sér í lagi ef staðfesting á slíkri skráningu sé forsenda þess að umsókn um dvalarleyfi sé tekin til skoðunar.

Auk framangreinds þá telja samtökin mikilvægt að minnst á önnur atriði í tengslum við dvalar- og atvinnuleyfi sem skipta máli. Ber þá helst að nefna:


1. Skattaávilnanir til fólks með sérfræðimenntun og/eða reynslu.
2. Lífeyrissjóðsréttindi flytjist með fólki til heimalands þeirra.
3. Umsóknarferli sérfræðinga á Íslandi – hraða umsóknarferli og einfalda afgreiðslu á útlendingalöggjöf (IRR) og atvinnuréttindalöggjöf (VEL).
4. Atvinnuréttindi – að samtökin geti orðið umsagnaraðili skv. b-lið 7.gr. laga nr. 97/2002 – er nú undanþáguheimild.
5. Fjölskyldusameiningar: Dvalarleyfi fylgi sjálfkrafa atvinnuleyfi, þ.e. bæði fyrir maka og börn sérfræðings.

Undirritaðar lýsa sig reiðubúna til að funda um efni þessara athugasemda og veita frekari skýringar á einstaka athugasemdum, sé þess óskað. Samtök iðnaðarins áskila sér jafnframt rétt til að koma með frekari athugasemdir við bæði drög og frumvörp að þessum lögum, á síðari stigum.

SAMTÖK IÐNAÐARINS



Katrín D. Þorsteinsdóttir
forstöðumaður mannauðs og menntamála



Björg Ásta Þórðardóttir
lögfræðingur SI